

Alþingi
Erindi nr. Þ 141/75
komudagur 24.6.2013

Nefndasvið skrifstofu Alþingis
b/t atvinnuveganefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Vestmannaeyjum 24. júní 2013

Umsögn um frumvarp um breytingu á lögum um veiðigjöld, þingmál nr. 15/142

Umsögn þessi varðar frumvarp sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, umhverfis- og auðlindaráðherra þingmál nr. 15. Þá er einnig vísað til fyrri umsagnar sem send var atvinnuveganefnd 19. apríl 2012 vegna þingmáls nr. 658.

Útvegsbændur í Vestmannaeyjum (ÚV) fagnar lækkun sérstaks veiðigjalds á bolfisktegundir en harmar 40% hækkun gjaldsins á uppsjávartegundir. Þrátt fyrir nokkra heildarlækkun milli ára þá telur ÚV að gjaldtakan sé ennþá langt umfram það sem greinin þolir og að veiðileyfagjaldið stefni samkeppnishæfni íslensks sjávarútvegs í hættu.

ÚV telur að frumvarpið sem nú er til umfjöllunar sé afskaplega illa ígrundað og félagið lýsir yfir vonbrigðum með að ennþá séu viðhöfð þau vinnubrögð að hafa ekkert samráð við greinina og aðra hagsmunaaðila eins og sjávarbyggðirnar.

ÚV vekur athygli á að svo virðist sem veiðigjöldin samkvæmt frumvarpinu muni leggjast afar þungt á örfá sveitarfélög. ÚV áætlar að sjávarútvegsfyrirtæki í Vestmannaeyjum greiði 2,3 milljarða kr. í veiðigjald á næsta fiskveiðiári verði frumvarpið að lögum. Það er um 25% af veiðigjaldinu eða rúm hálf milljón kr. á hvern íbúa. Hér er ágætt fyrir stjórnvöld að hafa í huga að um 1,4% íbúa lansins býr í Vestmannaeyjum. Þó svo að gjaldið sé greitt af fyrirtækjum í bænum er ljóst að um gríðarlega fjármagnsflutninga er að ræða frá Vestmannaeyjum til höfuðborgarsvæðisins. Þetta mun draga úr nauðsynlegum fjárfestingum og styrk fyrirtækjanna og stuðla að enn frekari samþjöppun aflahlutdeilda og draga úr lífsgæðum Vestmannaeyinga.

ÚV hvetur núverandi stjórnvöld til að vinna að þessu máli sem og framtíð fiskveiðistjórnunar á Íslandi í samráði við alla hagsmunaaðila þ.a. íslenskur sjávarútvegur verði rekinn á eins arðbæran hátt og mögulegt er landi og þjóð til heilla.

f.h. Útvegsbændafélag Vestmannaeyja

Hafdís Snorradóttir
Hafdís Snorradóttir
framkvæmdastjóri